

Fundur í jafnréttisnefnd Skaftárhrepps, haldinn að Skaftárvöllum 2 þann 22. október 2014 klukkan 16:15.

Mættir: Fanndís Halla Steinsdóttir formaður (Ó), Bjarki V. Guðnason (D), Anna Sigríður Bjarnadóttir (Z).

Formaður setur fund og býður alla velkomna. Bjarka er falið að rita fundargerð.

1. Erindisbréf Jafnféttisnefndar lagt fram til endurskoðunar:

Lagfæra þarf texta í erindisbréfi, formanni að falið að ljúka endurskoðun í samvinnu við sveitastjóra.

2. Jafnréttisáætlun:

Formanni falið að endurskoða og leggja fram jafnréttistefnu.

3. Starfsmannastefna Skaftárhrepps: Drög að starfsmannastefnu Skaftárhrepps lögð fram til kynningar og umsagnar. Nefndin fagnar því að starfsmannastefna sé á döfunni, nokkur umræða. Leggur jafnréttisnefnd áherslu á að samræmi sé á milli jafnréttisstefnu og starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Formanni falið að koma ábendingum til sveitastjóra.

4. Önnur mál: Engin önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:20.